

Fra Hagstofu Íslands
14.11.2012

Til fjn.-og viðsk.

Alþingi
Erindi nr. P 141/529
komudagur 14.11.2012
1. mál

Áætlaðar stóriðjufrjárfestingar í þjóðhagsspá

Álverið í Straumsvík

Seinni hluta fjárfestingarverkefnisins í Straumsvík, þ.e. sá hluti sem lýtur að straumshækkun, hefur seinkað þó framkvæmdalok breytist lítið. Þannig færast sú aukning sem gert var ráð fyrir árið 2012 í sumarspá yfir á árin 2013-14.

Fyrsti áfangi álvers í Helguvík, eða ígildi þess.

Reiknað er með að framkvæmdir hefjist á seinni hluta 2013 en að verkefnið komist ekki á fullt skrið fyrr en árið 2014. Ath að einungis er um fyrsta áfanga af þremur að ræða.

Kísilverskmiðja á NA-landi

Reiknað er með fjárfestingu í Kísilversmiðju, eða ígildi hennar, en að hún komi ekki til framkvæmda fyrr en í lok árs 2013 og nái hámarki árið 2014.

Meðfram þessu er reiknað með orkutengdum fjárfestingum og ber þar hæst framkvæmdir við Búðarhálsvirkjun og framkvæmdir á NA-landi.